

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2017, mánudaginn 3. apríl, var haldinn 101. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Ábæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 17.11. Viðstödd voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Gunnar Kristinsson, Óttarr Guðlaugsson, Berghildur Erla Bernharðsdóttir og Kristín Sigurey Sigurðardóttir. Einnig voru viðstödd Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals. Fundarritari var Trausti Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um erindi vegna mengunar frá Hellisheiðarvirkjun og mengunarhættu á vatnsverndarsvæði Heiðmerkur.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals fer fram á að Reykjavíkurborg ráðist strax í bráðabirgðar aðgerðir til að verja vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins, fyrir ágangi vélknúinna tækja. Þá þarf að klára deiliskipulag fyrir svæðið án tafar.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Útstreymi brennisteinsvetnis frá virkjunum Orkuveitu Reykjavíkur á Hengilssvæðinu er stærsta umhverfismálið, sem Orkuveita Reykjavíkur glímir nú við í rekstri sínum. Í því skyni að bæta vöktun á styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti fer Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals fram á að Orkuveita Reykjavíkur setji upp síritandi loftgæðamælistöð sem staðsett verði í Grafarholti-Úlfarsárdal. Birta skal á rauntímagrundvelli loftgæðaupplýsingar á aðgengilegan og skiljanlegan hátt og tryggja þannig að almenningur sé ætíð upplýstur um loftgæði á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar, hvort sem um er að ræða almennar upplýsingar fyrir íbúa, viðkvæma hópa eða þá, sem stunda útivist á svæðinu.

Kristín Lóa Ólafsdóttir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. mars 2017, þar sem fram kemur að Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir taki sæti John Denver sem áheyrnarfulltrúi í hverfisráði Grafarholts og Úlfarsárdal.
3. Lagt fram bréf mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, dags. 27. febrúar 2017, varðandi ósk öldungaráðs um að fá áheyrnarfulltrúa á fundum hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts er falið að kanna málið nánar.
4. Fram fer umræða um Hverfið mitt 2017.
- Kl. 18.30 víkur Berghildur Erla Bernharðsdóttir af fundi.

Fundi slitið kl. 18.32

Ragnar Karl Jóhannsson

Gunnar Kristinsson
Kristín Sigurey Sigurðardóttir

Óttarr Guðlaugsson